

## **Meðhöndlun rafveitueftirlitsgjalds**

Vegna spurninga sem fram hafa komið um meðhöndlun rafveitueftirlitsgjalds vegna setningar tekjumarka sendir Orkustofnun eftirlitsskildum aðilum eftirfarandi samantekt. Orkustofnun vill taka fram að neðangreindar leiðbeiningar lúta eingöngu að skiptingu gjaldsins milli með tilliti til gjaldstofnsins, en eru ekki leiðbeiningar um útreikning þess, sem fellur undir starfsemi Neytendastofu.

Í reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 264, frá 31. desember 1971, um raforkuvirki, með áorðnum breytingum, segir:

### 1.9 Eftirlitsgjöld.

#### 1.9.1 Rafveitueftirlitsgjald.

Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu<sup>1</sup> með rafveitum og neysluveitum og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri skulu rafveitur greiða rafveitueftirlitsgjald til stofnunarinnar. Gjaldið skal reiknast af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyprtrar raforku og virðisaukaskatti. Gjaldið skal vera 0,8% frá 15. janúar 1997.

Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla þá orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu skal hann greiða gjald af áætlaðri orkunotkun.

Undanþegin ákvæðum þessa töluliðar er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf., svo og annarra iðjuvera sem undanþegin kunna að verða með lögum.

Orkustofnun telur að færa skuli þetta gjald með eftirfarandi hætti.

## **Meðhöndlun rafveitueftirlitsgjalds vegna setningu tekjumarka**

Á raforkudreifingu lendi 0,8% af öllum tekjum dreifingar að frádregnum orkukaupum vegna tapa svo og úttektargjaldi, flutningstöpum og kerfisþjónustu til Landsnets.

Á raforkuflutning lendi 0,8% af öllum tekjum vegna flutnings til dreifiveitna (utan stóriðju) að frádregnum orkukaupum vegna tapa að frádregnu innmötunar-gjaldi til Landsnets..

Á raforkuframleiðslu lendi 0,8% af öllum tekjum af raforkusölu.

Á söludeildir lendi 0,8% af allri sölu að frádregnum orkukaupum.

Hafi verið í gildi sérstök gjaldskrá vegna heildsölu raforku innan rafveitu á árunum 2002 til 2004 skal það gjald sem greitt var til framleiðsludeildarinnar meðhöndlað á sama hátt og kaup frá ytri orkusölum

---

<sup>1</sup> Í dag Neytendastofa

eins og Landsvirkjun, þ.e. draga skal það gjald frá gjaldstofni og láta það sem eftir stendur greiðast af raforkudreifingu.

Hafi ekki verið um að ræða innri gjaldskrá, getur dreifiveita valið á milli eftirfarandi leiða:

- a. Ætla kaup á eigin raforku með sama meðalverði og kaup frá ytri orkusölum og draga þau kaup svo frá gjaldstofni dreifingar
- b. Skipta heildarraforkusölutekjum án frádráttar vegna kaupa frá ytri orkusölum í sömu hlutföllum og væntar tekjur vegna dreifingar (að frádregnum gjöldum vegna flutnings), flutnings og sölu fyrir árið 2005. Þannig er hlutur dreifingar fundinn út, en hinn endanlegi hluti framleiðslu/sölu er þá það sem eftir stendur að frádregnum kaupum frá ytri orkusölum.